



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Laugasól

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat xxx deildar	20
4 Innra mat sérkennslu	24
5 Innra mat – fjöltyngd börn	27
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	27
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	29
8 Foreldrasamvinna	29
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
10 Fylgigögn	30
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	31



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Ég kom til starfa í október 2020 eftir veikindi. Var þá búin að vera fjarverandi frá því í mars 2019. Á þeim tíma sem ég var fjarverandi þá höfðu orðið einhverjar breytingar í starfsmannahópnum. Það var samt sem áður einstaklega gott að koma til baka. Leikskólanum var vel stjórnað í fjarveru minni og ég fann hvað ég var velkomin aftur til starfa.

Skólaárið er búið að vera lítað af heimsfaraldri og fögnum við því að nú sjáum við fram á bjartari tíma. Við höfum sloppið vel varðandi veikindi og þar af leiðandi ekki þurft að fara í sóttkví fyrir utan einn dag sem leikskólinn var settur í úrvinnslusóttkví.

Kjallara Laugaborgar var lokað í nóvember vegna raka, eftir margra ára athugasemdir frá heilbrigðiseftirliti og stjórnendum. Við það missti ein deildin okkar leikrými. Starfsmannaaðstaða varð engin, listasmiðja og öll sérkennslurými voru lokað. Við áttum að fá eina deild í gámum, starfsmannaaðstöðu og sérkennsluaðstöðu sem allra fyrst. Fengum einn lítinn gám fyrir starfsmannaaðstöðu í janúar. Í lok apríl sl. var svo loks hægt flytja deildina út því þá voru gámarnir tilbúnir til notkunar. Þessi húsnæðisvandi gerði okkur erfitt fyrir. Til að bæta okkur þetta, þá höfum við haft rútu fjóra daga vikunnar, tvo tíma í senn til að létta á húsinu og fara með deildirnar í vettvangsferðir. Við erum einnig ánægð með þá aðstöðu sem komin er til okkar til bráðabirgða. Nú liggur fyrir að stækka eigi Laugasól og gera húsnæði Laugaborgar að sex deilda nútímalegum leikskóla með algjörrri endurnýjun í kjallaranum þar sem gerð verður önnur hæð. Við hlökkum til þess og búum okkur undir miklar framkvæmdir í kjallara Laugaborgar næstu mánuði. En samhliða því þarf að fara í framkvæmdir á efri hæð Laugaborgar og í Lækjaborg og má það ekki dragast lengur. Það verður því haldið áfram að reyna að fá fjármagn til eðlilegs viðhalds á húsnæði leikskólans. Reykjavíkurborg þarf sannarlega að fara að huga betur að fasteignum sínum og bæta aðstöðu barna og starfsmanna.

Við tókum þátt í styttingu vinnuvikunnar og hér er 36 stunda vinnuvika fyrir 100% vinnu. Við erum enn að máta okkur við þessa breytingu. Þetta hefur gengið vel og er ánægja með styttinguna. Það er samt eðlileg krafa að leikskólarnir fái í næstu fjárhagsáætlun aukið fjármagn til að mæta styttingunni. Það má segja að ekki sé þjónustuskerðing fyrir foreldra með þeirri útfærslu sem við fylgjum en gæðastundir með börnum þeim fækkar.

Eins og sjá má í þessari greinargerð þá hefur álag á starfsfólk verið mikið sl. skólaár. Hér er einstakur starfsmannahópur sem alla daga er að gera góðan leikskóla enn betri. Það var ánægjulegt að sjá að Kennarasambandið veitti starfsfólki leikskóla *Orðspor* á seinasta ári. Það er búið að sanna sig í þessum heimsfaraldri mikilvægi þess að hafa gott fólk í þessari framvarðarsveit. Sveitarfélögin þurfa því að fara að gera betur í samningum við starfsfólk leikskóla og vonandi á þetta eftir að hjálpa til í þeirri vinnu.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Stjórnendur Laugsólar lögðu fyrir allar deildir sama mat á skipulagsdegi. Þeir þættir sem teknir voru fyrir má sjá hér í töflunni að neðan. Deildirnar skiluðu matinu og settu inn umbótaáætlun varðandi þessa þætti.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Þróunarverkefnið „Ég þori, get og vil.“	Spurningarlisti og umræður	Starfsmenn allra deilda	Sjá niðurstöður deilda
Gæðamálörvun	Spurningarlisti og umræður	Starfsmenn allra deilda	Sjá niðurstöður deilda
Umgengni í Laugasól	Spurningarlisti og umræður	Starfsmenn allra deilda	Sjá niðurstöður deilda



Ytra mat

Skóla- og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal starfsmanna. Tilgangur hennar var að fá fram viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Þessar niðurstöður eru nýttar til að bæta árangur í mannauðsmálum. 81.8% starfsmanna tóku þátt sem er töluverð aukning frá árinu á undan þar sem 68.4% tóku þátt. Almennt komum við vel út og var meðaltal allra þátta 4,32 til samanburðar við 4,35 árið 2020. Þó eru þættir sem við megum bæta eins og þjálfun nýrra starfsmanna, aðgangur að gögnum og tækjum og að draga úr vinnuálagi.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Spurningarlistar sendir rafrænt	Starfsmenn	Hæfir og áhugasamir starfsmenn 4,34 ^{4,29} Könnun 2020
Árangursríkir stjórnunarhættir	Spurningarlistar sendir rafrænt	Starfsmenn	Árangursríkir stjórnunarhættir 4,43 ^{4,46} Könnun 2020
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Spurningarlistar sendir rafrænt	Starfsmenn	Hvetjandi og jákvætt starfsumhv. 4,24 ^{4,30} Könnun 2020
Starfsánægja	Spurningarlistar sendir rafrænt	Starfsmenn	Starfsánægja 4,61 ^{4,58} Könnun 2020
Einelti og áreitni	Spurningarlistar sendir rafrænt	Starfsmenn	Ekki mælist einelti eða áreitni frá starfsfólki 😊

Skóla- og frístundasvið lagði einnig fram viðhorfsskönnun til foreldra, 81% foreldra svöruðu þeirri könnun. Við getum ekki verið annað en ánægð með niðurstöður þeirrar könnunar þar sem umhverfið hefur verið sérstaklega erfitt fyrir foreldrasamskipti sl. skólaár vegna Covid. Meðalskor allra þátta var 4,32 og til samanburðar var meðalskor 2020 4,35. Við þurfum þó að leggja áherslu á að kynna stefnu og áherslur leikskólans betur og vera meira í samskipum við foreldra um þætti er varða barnið þeirra.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Barninu líður vel í leikskólanum.	Spurningarlistar sendir rafrænt	Foreldrar	Barninu líður vel í leikskólanum 4,65 ^{4,66} Fyrri könnun heild
Ég tel barnið mitt vera öruggt.	Spurningarlistar sendir rafrænt	Foreldrar	Tel barnið mitt vera öruggt 4,52 ^{4,74} Fyrri könnun heild
Vingjarnlegt andrúmsloft.	Spurningarlistar sendir rafrænt	Foreldrar	Vingjarnlegt andrúmsloft 4,62 ^{4,66} Fyrri könnun heild
Skólanum er vel stjórnað.	Spurningarlistar sendir rafrænt	Foreldrar	Skólanum er vel stjórnað 4,37 ^{4,74} Fyrri könnun heild



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Foreldrar	Þarf að skerpa á upplýsinga-gjöf til foreldra vegna starfsmanna í afleysingu.	Teknar myndir af þeim starfsmönnum sem eru í þessari stöðu og hengdar á hurð þeirrar deildar sem starfsmaðurinn er hverju sinni	Aðstoðarleikskólastjóri sér um framkvæmd	Haust ’21	Jan ’22	Tekið mat/könnun hjá foreldrum hvernig þessar upplýsingar hafa komist til skila	Svar úr könnun sem lögð verður fyrir foreldra
	Allir starfsmenn verði auðkenndir	Starfsmenn beri auðkenni um hálsinn, mislit bönd, einn litur fyrir hverja deild. Í bandinu er nafnspjald með nafni og starfsheiti.	Stjórnendur	Haust ’21	Vor ’22	Mat/foreldrakönnun	útkoma úr foreldrakönnun
Afleysingar	Þarf að gefa starfsmönnum í afleysingu tækifæri til að fá betri upplýsingar um börn á deildum og dagsfyrirkomulag	Fyrsti skipulagsdagur annarinnar verður notaður til samræðna um hvernig er best að haga aðkomu afleysingastarfsmanna	Stjórnendur/Deildarstjórar og aðrir starfsmenn.	Haust ’21	Vetur ’22	Fyrsti skipulags- dagur á nýju ári ’22. Samtal/könnun meðal starfsmanna	Það sem fram kemur í samtali og könnun sem verður meðal starfsmanna
Efla deildarstjóra	Handleiðsla deildarstjóra	Tímasettir fundir með handleiðara einu sinni í mánuði.	Stjórnendur	Haust 21	Vor 22	Samtali við deildarstjóra	Öruggir og sjálfstæðir deildarstjórar
Uppeldis- og menntastarf	Skerpa á samræmingu uppeldis og kennslu milli deilda	Fyrsti skipulagsdagur annarinnar verður notaður til samræðna um aðferðir sem leikskólinn vill tileinka sér og allar deildir taki til fyrirmyndar	Stjórnendur/deildarstjórar og aðrir starfsmenn	Haust ’21	Vor ’22	Síðasti skipulagsdagur vor ’22	Samtal á skipulagsdegi og könnun meðal starfsmanna.
Áherslur og stefna leikskólans	Kynna betur stefnu og áherslu leikskólans fyrir foreldra	Endurskoða námskrá og gefa út. Kynna sérstaklega stefnu og áherslur	Stjórnendur Laugasólar	Ágúst 21	Vor 22	Jafn og þétt allt skólaárið með foreldum og starfsfólki	Útgáfa endurbættrar námskrár



		leikskólans yfir nýjum foreldum.					
Mannauður/ Leikskólabragur							
Nýir starfsmenn	Halda vel utan um þjálfun nýrra starfsmanna	Skýra þarf hlutverk stjórnenda varðandi móttöku nýrra starfsmanna	Leikskólastjórar	Ágúst 21	Vor 22	Viðhorfskönnun starfsmanna SFS	Niðurstöður könnunar

3 Innra mat deilda

Innra mat Sunnulækjar

Að vinna markvisst að sjálfsefningu allra barna á Laugasól.

Að leggja sérstaka áherslu á börn af erlendum uppruna, styrkja þau og þeirra fjölskyldur með það að markmiði að þau verði hluti af samfélaginu.

Höfum lagt áherslu á að efla málþroskann með því að tala mikið við barnið og setja orð á allar athafnir og hluti. Höfum lagt áherslu á góð samskipti við foreldra og miðupplýsingum til þeirra um það sem fram fer hér á leikskólanum. Reynum að halda góðu upplýsingastreymi og tryggja að allt skiljist og komist til skila.

Umgengni í Laugasól.

Allir starfsmenn eru ábyrgir og taka fullan þátt í að hafa deildina snyrtilega og fallega. Það er unnið jafnt og þétt yfir daginn og þess gætt að röð og regla ríki án þess þó að það trufli frjálstan leik barnanna.

Er börnunum kennd umgengni og eru þau þátttakendur í tiltekt og henni gefin tími?

Börnin eru virkjuð í tiltekt eftir hverja leiklotu eftir getu og úthaldi. Nægur tími er gefin í frágang.

Við leggjum áherslu á að fataherbergið sé alltaf snyrtilegt og það er sópað yfir gólfíð oft á dag.

Börnunum er hjálpað að ganga frá fötunum sínum á snyrtilegan hátt og þeim kennt að við viljum hafa fataherbergið hreint og snyrtilegt.

Hafa börnin í smærri hópum og hafa fráganginn eðlilegan hluta leiksins. Gefa okkur og börnunum góðan tíma til að ganga frá. **Gæðamálörvun í daglegu starfi.**

Taka skal hvern þátt fyrir sig og taka umræðu, hvað er vel gert og hvað þarf að bæta. Skrá niðurstöður og skila til stjórnenda.

-Settu orð á allar athafnir: við reynum að tileinka okkur það að setja orð á allar athafnir í daglegu starfi og spjalla mikið við börnin í öllum daglegum aðstæðum.

-Barn þarf að heyra rétt mál: við reynum að vera góðar fyrirmyndir fyrir börnin og tala vandaða íslensku. Við gætum þess að leiðrétta börnin ekki beint þegar/ef þau segja eitthvað vitlaust heldur endurtaka það sem þau sögðu og þá rétt.

-Vertu í augnahæð barnsins: eftir aðstæðum hverju sinni reynum við að ná augnasambandi við barnið þegar við eigum í samskiptum við það. Sjáum þó við umræður að við getum bætt þennan þátt og gert meira af því að fara niður til barnanna í stað þess að tala yfir hausamótunum á þeim.



-Bíddu eftir viðbragði (svari) barnsins: við gefum barninu tíma til að tjá sig eftir því sem tíminn og aðstæður leyfa og þöllum að grípa ekki fram í fyrir því. Þurfum að passa að allir í barnahópnum hafi sína rödd sem fær að heyrast og hin börnin grípi ekki fram í fyrir hvort öðru eða þeim sem eiga erfiðara með tjáningu.

-Endurtaktu oft: endurtekning er stór þáttur í samtali við börnin og við erum stanslaust að nota sömu orð og setningar á hverjum degi. Við hvetjum börnin til þess að tjá sig í orðum eftir því sem þau hafa getu og þroska til.

-Farðu inn í leik barns eða barna: við erum til staðar fyrir börnin í þeirra leik, hvetjum og leiðbeinum þeim í samleiknum án þess að stjórna of mikið. Við spyrjum þau opinna spurninga um leikinn og fáum þau til þess að tjá sig um það sem þau eru að gera. Hér þurfa allir að vera meðvitaðir um að gera þetta markvisst og við ætlum að passa upp á að allir starfsmenn sinni þessu.

-Endurtaktu og bættu við það sem barnið segir og gerir: þetta reynum við að gera reglulega í okkar starfi en samt mættum við gera þetta mun markvissara. Ætlum að taka til í eigin ranni og reyna að tileinka okkur þessa aðferð til málörvunar.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Þróunarverkefni Ég þori, get og vil	Styrkja frumkvæði og sjálfstæði barnanna	Hlusta á raddir barnanna og sýna þeim valkostina sem þau hafa	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	Haus t 2020	Suma r 2021	Getum skráð hvaða efnivið og verkefni börnin helst velja sér. Rætt saman á deildarfundum um hvernig gengur	Börnin vera virkari þátttakendur í daglegu starfi og sýna meira frumkvæði
Umgengni í Laugasól	Fá alla til að vinna saman og bera jafnmikla ábyrgð á t.d.	Gefa okkur góðan tíma í frágang og sýnum börnunum hvernig og hvert hlutirnir eiga að fara.	Deildarstjóri og starfsfólkið	Haus t 2020	Suma r 2021	Ræða á deildarfundum	Frágangur verði eðlilegur hluti af leiknum, sé skemmtilegur, eflandi og sjálfsagður



	dæmis tiltekt	Hefðum þurft að virkja öll börnin betur					
Gæðamálörvun	Setja orð á allar athafnir, reyna að sinna öllum börnunum. m. Lesa fyrir þau	Auka markvisst okkar orðanotkun, bæta við t.d.lýsingarorð um og flóknari heitum	Deildarstj óri og starfsmen n	Haus t 2020	Suma r 2021	Á deildarfundum með t.d. Vönduhringnum. Með því að vera meðvitaður dagsdaglega um hvort	Að orðaforðinn aukist og málþátturinn eflist

Innra mat Draumalækjar

Endurmat Draumalæk veturinn 2020 – 2021

Ég þori, get og vil

Þær leiðir sem við höfum farið er að hvetja börnin til að gera sjálf en við til staðar fyrir þau. Við notum mikið orðið að æfa okkur, það er allt í lagi að geta ekki því við erum að æfa okkur. Þá er líka svo gaman þegar börnin hafa náð færninni og geta þá sagt: þú gast því þú varst búinn að æfa þig. Eins gefum við þeim tíma, hvatningu og erum þolinmóðar við þau að æfa sig.

Hvað varðar erlendu börnin þá eru þau tvö, önnur fjölskyldan hefur búið lengi á Íslandi og talar íslensku vel, en talar sitt mál heima, og hin fjölskyldan þá er annað foreldrið erlent. Þannig að það er frekar auðvelt að tala saman. Okkur finnst vegna covid 19 þá höfum við ekki alveg náð að hafa samskiptin eins og við viljum, þ.e.a.s að gefa þeim góðan tíma í fataklefa. Bæði þessi börn eru á góðum stað með málið (íslenskuna). Báðar þessar fjölskyldur virðast skilja og fá þau skilaboð sem þau þurfa. Börnin eru mjög móttækileg og fljót að læra. Það eru jákvæð samskipti við foreldra. Okkur finnst þessi liður ganga vel hjá okkur því þessi lína ég þori, get og vil eru svolítið einkenni fyrir starfið okkar, að börnin fari frá okkur sjálfsörug og tilbúin að takast á við lífið og tilveruna. Getu tekið á áskorunum í lífinu og að geta tjáð sig. Því þarf sterka sjálfsmynd til að geta staðið með sjálfum sér og trú að geta gert það sem þau vilja.

Umgengni í Laugasól: Við erum allar samstíga í því að hafa deildina fallega. Við kennum börnunum að taka saman eftir sig og við þá með þeim. Gefum þeim tíma til þess. Hafa sýnikennslu í samveru hvar t.d eldhúsdótið á að fara, stál dót saman og plast dót saman og að setja myndir á körfurnar til að auðvelda þeim hvar hlutirnir eiga að vera. Ræðum við þau hvort hlutirnir séu á réttum stað og lögum

þá. Oft sjá þau sjálf að hlutirnir eru ekki á réttum stað. Ræddum einnig um að við þyrftum að vanda okkur líka því við erum jú fyrirmyndin.

Fataklefinn: Ræddum einnig um fataklefann og finnst okkur skapast smá „drasl“ að hafa fatapoka barnanna í leikskólanum alla vikuna, bæði vegna þess að þetta eru stórir pokar og taka þar af leiðandi mikið pláss. Því viljum við að þeir fari heim og foreldrar koma með þá aftur á föstudögum þegar þeir tæma hólfin. Hvað varðandi það sem við getum gert betur er að fá snaga undir pollafötin á öðrum stað en úlpurnar og kuldagallinn þegar það á við. Þá er ekki eins mikið á snaganum hjá börnunum og miklu snyrtilega yfir að líta. Einnig að gefa þeim meiri tíma í fataklefanum þegar þau koma inn fyrir matinn og hafa færri börn í einu. Halda svo áfram að vera duglegar að sópa, og raða skóm barnanna á grindina í lok dags, og setja galla sem ná á gólfið betur upp á snagann. Börnin taka einnig þátt í tiltekt í fataklefanum þar sem þau eru hvött til að hengja upp fötin sín eftir útiveru og að setja skóna sína á grindina.

Gæðamálörvun: Það sem við gerum varðandi þennan þátt er að setja orð á alla hluti hvar sem við erum, notum opnar spurningar, leiða þau áfram í samtölum, bætum við setningar þeirra t.d barnið segir bíl og við svörum já þetta er rauður bíll, förum með rím/ þulur, klöppum atkvæði. Tölum við börnin og hlustum. Einnig ef við heyrum að barnið talar rangt þá endurtökum við setninguna rétta. Aðstoðum þau í leiknum, kennari til staðar og grípur inní leikinn eða leiðir hann áfram eftir þörfum og hvetjum við þau þar að nota málið. Ekki taka dótið af barninu heldur að spyrja hvort þau megi fá lánað dótið. Hvað ef barnið segir nei hvað þá? Það er í lagi að segja nei og þá hvetjum við barnið að spyrja aftur hvort það megi fá lánað dótið þegar barnið er hætt að nota það. Við notum líka hrós og orðið vinalegur. Hrósum þeim þegar þau eru í leik og nota orðin sín og biðja um dót sem annað barn er með. Einnig hrósum við barninu sem lánar dótið og segjum oft þetta er vinalegt.

Það sem við mættum gera betur: Er að hafa sögustundir fastar og ætlum við að gera það. Fyrsti liður í því er að skipta þeim í 3.hópa og hver starfsmaður vinnur með sinn hóp í ca 2-3 skipti, og síðan er skipt um hóp. Ætlum að byrja smátt þannig að við getum haldið okkur við það plan. Ætlum að gera þetta e.h en ætlum að taka börn sem við teljum að þurfi meiri málörvun og/eða eru farin heim fyrr, verður unnið með þau á morgnanna. Töluðum líka um að hafa bækur sem við notum bara þegar verið er að lesa fyrir þau, þau hafi ekki aðgang að þeim. Einnig höfum við notað stafaspjöld þar sem við kennum þeim ekki beint hvað hvaða stafur þetta er heldur myndirnar sem eru á spjöldunum og segja í lokin að þetta er stafur S. Að spjalla út frá myndunum t.d skófla hvað gerum við með henni o.s.frv.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerði r til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæm um við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmi r			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópu r, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.



Ég þori get og vil	Að efla börnin í sjálfstæði, sjálfsöryggi og frumkvæði.	Með því að vera hvetjandi, þolinmóðar og vera til staðar þegar þörf er á.	Allir starfsmenn deildarinnar jafnt ásamt því að börnin eru hvött til þess að hafa frumkvæði.	Við aðlögun í leikskólanum	Þegar börnin skilja við deildina	Árangurinn og aðferðir er metnar út frá framförum barna í þroska, félagsfærni og hegðun almennt. Samskipti við foreldra spilar stóran þátt í að það sé samræmi milli heimilis og leikskóla.	Breytt hegðunarmynstur barnanna er augljósasti mælikvarðinn að okkar mati. Færni og sjálfstæði eru mikið meira áberandi heldur en í byrjun skólaárs.
Umgengi í Laugasól	Að hafa deildina snyrtilega og aðgengilega.	Með því að vera fyrirmyndir fyrir börnin og að börnin gangi að því vísu hvar hlutirnir eiga að vera með merkingu og myndum.	Starfsmenn og börnin bera jafna ábyrgð á umgengni.	Við aðlögun	Þangað til að þau skilja við deildina	Við séum fyrirmyndir í tiltekt og vera þolinmóðar en um leið ákveðnar.	Börnin hafa lært það sem fyrir þeim var haft og ganga frá af eigin frumkvæði.
Gæðamálörfun	Að börnin geti tjáð sig á gagnlegan máta.	Nota opnar spurningar, endurtaka rétt og bæta við setningar og auka orðaforða.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Við aðlögun	Þegar þau hætta á deildinni	Hvetja börnin til þess að skýra frá tilfinningum og líðan í gegnum myndir sem og orð.	Aukinn orðaforði, sjálfstæði í setningamyndunum og samtölum þeirra á milli með notkun TRAS.



Innra mat Mánalækjar.

Þróunarverkefnið - Ég þori. get og vil.

Að vinna markvisst að sjálfsefningu allra barna á Laugasól

Að leggja sérstaka áherslu á börn af erlendum uppruna, styrkja þau og þeirra fjölskyldur með það að markmiði að þau verði hluti af samfélaginu.

Hvaða leiðir hafið þið farið og hvernig gengur? Þróunarverkefnið og útfærsla þess var frá upphafi loðin og óskýr. Við vinnum með sjálfsefningu barna en í raun ótengt þróunarverkefninu.

Þróunarverkefnið var hvorki fugl né fiskur.

Umgengni í Laugasól

Eru allir starfsmenn þátttakendur í að hafa deildina fallega? Já við tökum öll þátt í að hafa deildina fallega.

Eru börnunum kennd umgengni og eru þau þátttakendur í tiltekt og henni gefin tími? Börnin taka þátt í frágangi eins mikið og aldur og þroski leyfa. Þau eru hvött áfram á jákvæðum nótum. Frágangi er gefinn tími.

Leggjum við okkur fram um að hafa falleg fataherbergi og gefum okkur tíma þar með börnunum? Við setjum metnað í að hafa fataherbergið snyrtilegt ásamt því að gefa börnunum tíma til sjálfshjálpar og hvetjum þau og leiðbeinum við að hengja upp og raða skóm.

Hvað getum við gert betur og hvað þarf til? Vera meðvituð um að gefa góðan tíma í frágang. Eins að vera meðvituð um að gefa okkur góðan tíma í fataherberginu. Hvetja börnin til sjálfshjálpar og aðstoða / leiðbeina við að hengja upp og raða skóm.

Gæðamálörvun

Í daglegu starfi taka skal hvern þátt fyrir sig og taka umræðu.

Hvað er vel gert og hvað þarf að bæta.

Settu orð á allar athafnir

Við erum mjög dugleg að setja orð á alla hluti og allar athafnir. Endurtökum okkur sífellt.

Barn þarf að heyra rétt mál

Góð mál fyrirmynd er lykilatriði fyrir málproska ungra barna. Við bendum ekki á mistök en leiðréttum með því að endurtaka rétt.

þarf að bæta : Huga þarf verulega að mál fyrirmyndum þegar verið er að ráða fólk til starfa.

Vertu í augnahæð barnsins: Gerum okkar besta við að setja okkur í augnahæð barnanna þegar við erum að tala við þau.

þarf að bæta : vera enn meira meðvituð um að fara í þeirra augnahæð þegar við erum að tala við þau.

Bíddu eftir viðbragði (svári) barns: Við erum meðvituð um að gefa börnunum tíma til að svara hvort heldur er í daglegu spjalli eða þegar t.d. er verið að spyrja út úr lesnum sögum.

þarf að bæta : Hafa alltaf í huga að börnin taka sér stundum smá stund til að svara. En á sama tíma þurfum við að vera meðvituð um að bíða ekki of lengi þannig að barnið upplifi pressu.

Endurtaktu oft: Við endurtökum það sem við segjum og það sem börnin segja. Endurtökum rétt.

Farðu inn í leik barns eða barna:

Börnin fá frjálsar hendur með leikinn sinn. Þegar þörf er á grípum við inn í leikinn og leiðbeinum. Styðjum við leikinn og leiðbeinum án þess að taka stjórnina í leiknum. Þau fá frelsi til að prufa sig áfram og reyna á mörkin sín.

þarf að bæta : passa að vera vel vakandi til að grípa ekki of fljótt inn í. Muna að gefa börnunum tækifæri til að leysa úr og þróa leikinn sinn á sínum eigin forsendum.

Endurtaktu og bættu við það sem barnið segir og gerir:

Við erum meðvituð um að auka við og fjölga orðum í setningum. Reynum að nota fjölbreytt orð.

Togum börnin áfram í leit sinni að þekkingu.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Virðing fyrir skoðunum barnanna	Að hverju er stefnt? Að börnin upplifi að eiga rödd sem hlustað er á.	Hvernig framkvæmt við það? Hlustum og leitumst við að framkvæma óskir barnanna	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Maí 2021	Maí 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Umræður á deildarfundum aðra hverja viku	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Búum okkur til mælikvarða 1 – 5
Umgengni á deildinni	Hafa snyrtilegt og fallett umhverfi	Starfsfólk er fyrirmynd og hvetur til og aðstoðar við frágang og umgengni	Allt starfsfólk deildarinnar	Maí 2021	Maí 2022	Broskallakerfi til að fá fram mat hjá börnunum. Umræður á deildarfundum	Búum okkur til mælikvarða 1 – 5
Málörvun	Að börnin öðlist færni til að tala	Hlusta – tala – endurtaka. Söngur og sögur.	Deildarstjóri. Allt starfsfólk tekur þátt	Maí 2021	Maí 2022	Tras skimun er gerð á öllum börnum	Umræður á deildarfundum. Mælikvarði 1 – 5



Innra mat Fagralækjar.

Endurmat 10. maí 2021

Fagrilækur.

Unnið á deildarfundum

Þróunarverkefnið - Ég þori, get og vil.

Að vinna markvisst að sjálfsefningu allra barna á Laugasól

Að leggja sérstaka áherslu á börn af erlendum uppruna, styrkja þau og þeirra fjölskyldur með það að markmiði að þau verði hluti af samfélaginu.

Hvaða leiðir hafið þið farið og hvernig gengur?

Tölvupóstar sem eru sendir frá deildinni eru allir á ensku – til að mæta þeim foreldrum sem tala ekki íslensku. Mats hefur verið að sinna aukinni málörvun fyrir fjöltýngdu börnin – spil og samverur.

Lögðum mikla áherslu á að eiga samskipti við börnin, tala við þau þó þau svari ekki endilega. Passa að þau fái ekki bara samskipti í formi skipana heldur einnig nánari samskipti. Okkur fannst það auka á vilja og þor barnanna til að tjá sig meira og eiga meiri samskipti, sérstaklega kennarana.

Helstu atriði:

samskipti við börn og fullorðina.

setja í umhverfið tengt þeirra og okkar menningu/uppruna. Eins og fánar og upplýsingar um löndin okkar allra. Tala jákvætt og forvitið um okkur öll og okkar „lönd“ eða menningu.

Umgengni í Laugasól

Eru allir starfsmenn þátttakendur í hafa deildina fallega? Já en viljum bæta okkur.

Eru börnunum kennd umgengni og eru þau þátttakendur í tiltekt og henni gefin tími? Já við myndum segja það. En erum sammála um að hér mættum við bæta okkur.

Leggjum við okkur fram um að hafa falleg fataherbergi og gefum okkur tíma þar með börnunum?

Eftir covid takmarkanir erum við aftur farin að vinna þennan þátt með börnunum. Hefðum mátt standa okkur betur hér.

Hvað getum við gert betur og hvað þarf til?

Okkur langar að bæta okkur í tiltekt og hafa deildina fallega. Það þarf bara betri samræðu og meðvitund um það.

Gæðamálörvun

í daglegu starfi Taka skal hvern þátt fyrir sig og, taka umræðu, hvað er gert vel og hvað þarf að bæta.

Skrá niðurstöður og skila til stjórnenda.

Við setjum orð á hlutina. Endurtökum rétt og leiðréttum þannig. Mats hefur verið að taka börn í samverur og spil. Miðað við börn sem þurfa auka en býður samt fleirum að vera með. Við erum mjög meðvituð um málnotkun og passa upp á að allir fá þessi samskipti sem skipta svo miklu máli.

- Samverur
- samtöl
- lesa
- leikir og fleira.
- Við matarborðið
- afmælissamverur
- svo lengi mætti telja.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að vinna markvisst með sjálfsefningu barna	Efla þrautseigju barnanna og vinna út frá þeirra hugmyndum og áhuga.	Viðtöl við börnin í upphafi vetrar— setja sér markmið að læra eitthvað ákveðið. Finna þeirra áhuga og vinna út frá því.	Allir á deildinni.	Haust 2021	Vor 2022	Samtal aftur um vorið. Skoðað hvernig gekk með markmiðin sem voru sett og samtöl við börnin að meta starfið.	Líðan barnanna er viðmið hér. Góð líðan, glöð og sjálfstæð börn.
Leggja sérstaka áherslu á börn af erlendum uppruna.	setja í umhverfið tengt þeirra og okkar menningu/uppruna (í samstarfi við foreldra). Eins og fánar og upplýsingar um löndin okkar allra. Tala jákvætt og forvitið um okkur öll og okkar „lönd“ eða menningu.	Aukin samskipti við foreldra erlendra barna og tengja þau betur við starfið á deildinni.	Allir bera ábyrgð	Haust 2021	Þessu á aldrei að ljúka	Samtal við foreldra og athuga hvernig þau upplifa starfið. Hvort þau upplifi sem hluti af leikskólamennin gunni.	Glaðir og ánægðir foreldrar og börn.
Umgengni í Laugasól	Eru börn og fullorðnir þátttakendur í að hafa heiminn okkar fallegan?	Taka upp vinnu með börnunum. Starfsfólk vinni betur að því að ganga fallega um. Hér mættum við bæta okkur.	Við berum öll ábyrgð.	strax	Heldur áfram	Skráningar og falleg deild.	Börn og fullorðnir gangi fallega um. Fallegt umhverfi og deild.



Gæða málörvun.	Hvernig er málörvun háttað og er gefinn nægur tími?	Okkur langar að bæta okkur í sögustundu m. Minnka hópana og finna leið til að gera þær að meiri gæðastundu m.	Hópstjórar	Haust 2021	Metið vor 2022 en á að halda áfram.	Halda skráningu á bókum sem er lesið. Hvernig gekk að halda þessum stundum við? Er framvinda í þeim bókum sem er lesið? innihald ofl.?	Ef sögustundirnar ná að halda sér óskert í gegnum veturinn. Voru bækurnar að þyngjast?

Innra mat Huldulækjar/Vinalækjar.

Þróunarverkefnið Ég þori get og vil

Við á Vinalæk vinnum markvisst með sjálfseflingu barna.

Í sköpun hvetjum við börnin til að gera sjálf og merkja myndirnar sínar sjálf, einnig fá þau að klippa og líma á eigin forsendum. Í fataklefanum gera þau mestmegnis sjálf við hjálpum að sjálfsögðu til ef þess þarf.

Í útiverunni hvetjum þau til að klifra, hlaupa upp rennibrautir, hoppa á milli drumba og einu sinni í viku förum við með rútu í lengri ferðir utandyr, reynum á okkur í allra veðra von, í fjöru, í skógi og víða.

Að leggja áherslu á börn af erlendum uppruna: Við erum með 2 gæða samverur eftir hádegismatinn í Einingakubbastofunni okkar erum við með 6 börn af þeim eru 3 af erlendum uppruna og hin 3 erum við að styrkja enn fremur. Í þessari samveru er lesin bók (við hæfi) sungið og farið í leiki. Stærri samveran sem er í stærri stofu og með fleiri börn erum við í leikjum (gjörning) þora að gera e-ð sem stendur á miða, en oftast nær erum við að lesa framhaldssögu (við hæfi). Fyrir utan það að í hversdagsleikanum erum við með stanslausa málörvun í formi: hlutverkaleiks, einingkubbum, spilum og hinum ýmsum félagsskap.

Umgengni í Laugasól: Við höfum nokkur hlutverk á Vinalæk og eru þau eftirfarandi: 2 borðþjónar sem leggja á borð þ.e.a.s. raða snyrtilega á matarborðið. Við erum með 2 sópara sem að sjá um að sópa fataklefan í lok dags. Við erum svo með gangavörð sem að sér um að krakkarnir haldi sér í röð á



leiðinni inn á Huldulæk þar sem við borðum hádegismat við fundum upp á þessu hlutverki í ljósi þess að kappið bar suma ofurliði og börnin voru keyrð niður.

Hvað getum við gert betur og hvað þarf til?

Við erum of gjörn á að hlaupa til og ná í massa mikið af pappír, við höfum ekki náð að halda okkur við pappírslausa föstudaga. Við eigum það einnig til að blanda of miklu dóti saman og hafa of mikið framboð sem verður stundum til þess að nýtt dót (verðlaust) sé rífið og skemmt í Stóru Kubbum. Það sem við erum þó öflug í að gera er að láta þau nýta blöðin, fara í skúffurnar sínar og vinna upp úr hillunum. Við tökum börnin með þegar að við tæmum pappírs og plast dúnkana okkar einnig Svanga Manga í moltuna. Við getum alltaf bætt okkur og við stefnum á það í haust.

Gæðamálörvun:

Við á Vinalæk teljum okkur gefa gæða málörvun mjög góðan tíma eins og fram kom hér að ofan þá eru það ekki bara einungis samverurnar heldur einnig í daglegu starfi. Gæða stund í 10 mínútur... Það er erfitt að segja við förum markvisst með 4 börn í málörvun iðulega er þar eitt barn sem þarf að styrkja gífurlega og hinir græða samstundis, ég er viss um að við getum verið markvissari en svo á móti erum við með hópastarf þar sem allir hafa eitthvað til málanna að leggja hvort sem viðkomandi er í kubbastund, sögugerð, bakstri og fleira.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útivera	Að börnin njóti sín í útiveru ásamt að hafa eitthvað um útiveru sína að segja.	Kennararnir meta framfarir með skráningum	Kennarar og starfsfólk.	Sept 2021	Mai 2022	Deildarfundir þar sem farið er yfir skráningar. (Myndir og fleira.)	Huglægt mat á framförum
Myndlistin	Við ætlum að vera duglegri við að fönndra úti.	Vera dugleg við að fara markviss út með börnin.	Kennarar og starfsfólk.	Sept 2021	Mai 2022	Deildarfundir þar sem farið er yfir skráningar. (Myndir og fleira.)	Huglægt mat á framförum



Börn af erlendum uppruna	Meta orðaforða barnanna	Við erum með 2 gæða samverur í takt við stöðu barnanna.	Kennarar og starfsfólk.	Sept 2021	Mai 2022	Deildarfundir þar sem farið er yfir skráningar. (Myndir og fleira.)	Huglægt mat á framförum
Umgengni		Hlutverkin koma hér sterk inn í, þ.e.a.s. borðþjónar, sóparar og gangavörður. Allir hafa hlutverk sem er virt. Spurning um að hafa blaðavörð til að takmarka bruðl á pappír?	Kennarar og starfsfólk.	Sept 2021	Mai 2022	Deildarfundir þar sem farið er yfir skráningar. (Myndir og fleira.)	Huglægt mat á framförum
Gæða málörvun.	Við ætlum að vera enn duglegri að leggja inn á næstu önn enda verðum við með elstu börnin.	Við erum dugleg á deildinni að leggja inn málörvun í: kubbastund, sögugerð, bakstri og fleira. Við ætlum líka að vera dugleg að leggja inn leiki – æfingar í tengslum við HLJÓM hlutana.	Kennarar og starfsfólk.	Sept 2021	Mai 2022	Deildarfundir þar sem farið er yfir skráningar. (Myndir og fleira.)	Huglægt mat á framförum



Innra mat Ljúfalæk.

Út frá þróunarverkefni verður haldið áfram að auka lýðræðislega þátttöku barnanna með því að gefa þeim meira val um útiveru og hafa áhrif á leikfni deildarinnar. Við munum hafa barnafundi og auka opnar spurningar til barnanna, „hvað finnst þér“, „hvað langar þig?“. Í sambandi við umgengni verður börnunum gefinn meiri tími í frágang og umhverfissáttmáli Laugasólar virtur. Hlutverk sóparans verði tekið aftur inn. Barnið gengur frá í fataklefanum, og sér til þess að hann sé snyrtilegu. Við teljum okkur standa vel í málörvun. Viljum fara yfir Vönduhringinn með það í huga að öll börn fái gæða athygli á hverjum degi með samtali. Skoða aðferðina að gefa 10.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Þróunarverkefni „Ég þori get og vil“ Að vinna markvisst með sjálfsefningu barnanna Að leggja áherslu á börn af erlendum uppruna	Auka lýðræðislega þátttöku barnanna á deildinni, t.d. val um útiveru, aukin áhrif á efnivið á deildinni, áhugi barnanna uppspretta náms - raddir allra barna.	Virkari barnafundir, aukið val og ríkari áhersla á ígrundun meðal barnanna í stað þess að þau þurfi sífellt samþykki okkar, þ.e. „Hvað finnst þér?“ og „Hvað langar þig?“ í stað þess að segja „Já þú mátt skipta um viðfangsefni“	Starfsmenn deildarinnar	Vor 2021	Endurmetið vor 2022	Regluleg umræða og ígrundun á deildarfundum þar sem þátttaka barna er útgangspunktur, a.m.k. einu sinni í mánuði. Sérstök áhersla á hvort allar raddir fái að heyra. Markmiðin endurmetin í haust út frá	Halda utan um skráningar á deildarfundum og bera saman þær framfarir sem eiga sér stað.



						nýjum barnahópi sem er töluvert yngri.	
Umgengni í Laugasól Eru allir starfsmenn og börn þátttakendur í að hafa deildina fallega Er börnunum gefinn tími til að fáa að vera með t.d. í fataklefa og tiltekt þar	Markmið að vinna markvissar með góða umgengni í starfinu. Börnum mætti vera gefinn betri tími til tiltektar í fataklefanu m með starfsmann i, t.d. í hlutverki sópara.	Markvissari umræða um umgengni og tengja við umhverfissáttm ála leikskólann – að hafa heiminn fallegan. Börnum gefinn betri tími til tiltektar og að starfsfólk gefi sér einnig meiri tíma í tiltekt með börnunum.	Starfsmenn deildarinnar	Vor 2021	Endurm at vor 2022	Regluleg umræða og ígrundun á deildarfundum um framgang og grípa tækifærin í daglegu starfi til að minna hvert annað á.	Halda utan um skráningar á deildarfundum og bera saman þær framfarir sem eiga sér stað.
Gæðamálörvun Í daglegu starfi hvernig er málörvun háttað, er gefinn nægur tími er málörvunin í öllu starfi deildarinnar? Er börnunum sinnt í augnhæð fullorðins Er öllum börnum sinnt á hverjum degi allaveg 10 mínútur í gæðastund með hverju barni.	Stöndum að okkar mati afar vel þarna en gætum lagt okkur enn betur fram um að gæta þess að allir fái samtal með starfsmann i á hverjum degi.	Fara yfir Vönduhringinn, kortleggja barnahópinn og kanna hvort það séu ekki örugglega öll börn að fá gæðatíma á hverjum degi með starfsmanni. Skoða aðferðina að gefa 10.	Starfsmenn deildarinnar	Vor 2021	Endurm at vor 2022	Regluleg umræða og ígrundun á deildarfundum þar sem þátttaka barna er útgangspunktur, a.m.k. einu sinni í mánuði	Halda utan um skráningar á deildarfundum og bera saman þær framfarir sem eiga sér stað.



--	--	--	--	--	--	--	--

Innra mat fyrstu skref einingakubba með yngstu börnum leikskólans.

Fyrri hluta vetrar höfðu flest af börnunum u.þ.b. 10 til 20 mínútna úthald í kubbaleiknum og mörg af þeim höfðu ennþá svipað úthald í vetrarlok. Það skal tekið fram að þetta er þó alls ekki endilega mælikvarði á gæði kubbaleiksins.

Í upphafi voru nýju börnin á öllum deildum mjög upptekin við að gera alls konar tilraunir með kubbana, vinsælast var að gera turna í ýmsum útgáfum og láta þá hrynja. Þetta er alltaf vinsælt athöfn hjá yngstu börnunum, þau verða að fá að spreyta sig í þessari rannsóknarvinnu sinni til þess að öðlast þekkingu á því hvað þau geta gert með kubbana og eins hvað þeir þola. Einnig var mjög vinsælt að hoppa yfir raðirnar sem þau bjuggu til úr kubbunum á gólfinu. Á öllum deildum var áhersla á að setja orð á athafnir barnanna eins og aðstæður leyfðu í hvert sinn. Með svona ungum börnum notum við mikið orð eins og til dæmis lítill, stór, uppi, niðri, ofan á, inn í, margir og svo auðvitað tölur.

„Barn raðar sjö sívalningum fyrir framan sig, setur bogakubb við hliðina og bætir einingakubbum við. Raðar þessu öllu á milli fóta sinna. Þegar allt var orðið fullt þá færði barnið sig ☺ barnið er mjög áhugasamt og duglegt, hefur mjög gott formskyn í frágangi, setur alla kubba á réttan stað og gefur sér tíma til að leita.“

(formþekking, frágangur).

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt? Að yngstu börnin öðlist þekkingu á leikefninu í litlum hópum og þroski leikinn eftir því sem líður á veturinn.	Hvernig framkvæmum við það? Áhersla er á að hvetja börnin í að eiga góð samskipti við hvert annað, fara eftir einföldum hegðunar- og umgengnis	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Elva Önundardóttir heldur utan um þetta verkefni og framkvæmir það með kennurum barnanna	2021	2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum safna gögnum og skránningum	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

		reglum og efla orðaforða þeirra með því t.d. að setja orð á athafnir þeirra. Einnig er áhersla lögð á einföld hugtök svo sem stór, lítill, ofan á, margir og tölur svo fátt eitt sé nefnt. Börnin fá tækifæri til að leika í litlum hópum og frágangur er hluti af leikferlinu.					



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur

Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslustjórar Laugasólar skólaárið 2020-2021 voru tveir í 1.73% stöðugildum. Guðrún Finnsdóttir var í 92,5% starfi og hafði umsjón með 5 deildum og vinnu með börnum á einhverfurófi og börnum með mikil þroskafrávik. Sigurlaug Vigdís var í 80% starfshlutfalli og hafði umsjón með 2 deildum og vinnu með fjöltýngdum börnum. Deildarumsjón sérkennslustjóra felur í sér ráðgjöf og upplýsingagjöf til starfsmanna, vinna einstaklingsáætlana fyrir einstök börn, fylgja eftir íhlutun barna með frávik í þroska, samvinna og ráðgjöf við foreldra, sækja um þjónustu sérfræðinga frá þjónustumiðstöð hverfisins og samskipti við utanaðkomandi sérfræðinga. Vinna með börnum á einhverfurófi og börnum með mikil þroskafrávik felur í sér starfsþjálfun sérkennara, gerð einstaklingsáætlana, ráðgjöf og eftirfylgni einstaklingsáætlana, upplýsingagjöf og ráðgjöf við deildarstarfsmenn,
---	--

	ráðgjöf og samstarf við foreldra og samstarf við sérfræðinga. Vinna með fjöltyngdum börnum felur í sér gerð einstaklingsáætlana, fylgja eftir íhlutun einstakra barna, veita upplýsingar og ráðgjöf til starfsmanna er varða einstök börn, samstarf og ráðgjöf við foreldra og samstarf við utanaðkomandi sérfræðinga. Menntun án aðgreiningar er höfð að leiðarljósi í allri okkar vinnu og rík áhersla er lögð á að íhlutun barna með frávik í þroska fari að mestu fram í náttúrulegum aðstæðum þ.e. meðal jafningja í barnhópnum. Hluti af íhluti af barna sem eru í einstaklingsþjálfun er að yfirfæra lærða færni og þekkingu í daglegt líf. Í einstaklingskennslu er unnið með skráningu atferlisþjálfunar sem miða að því að skrá með dagsetningu hvenær ný færni er lögð inn og síðan er skráð með dagsetningu hvenær færni er náð. Í daglegu starfi er m.a. notaðar AHA skráningar til að skrá hegðun einstakra barna í samskiptum við börn og fullorðna, gátlistar úr VB MAPP listanum, heimatilbúnir gátlistar unnir úr TRAS og APES.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börn leikskólans TRAS á að leggja fyrir börn á aldrinum 2-5 ára AEPS matslisti er notaður til að finna grunnlínu þroska einstakra barna og einstaklingaáætlun unnin út frá niðurstöðum. VB-Mapp og Behavioral Intervention for Young Children with Autism eru matslistar til að skoða grunnlínu þroska barna og hafðir til hliðsjónar í gerð einstaklingsáætlana með einhverfum börnum. Íslenski þroskalistinn er matsliti sem mæður fylla út ef grunur er um frávik í þroska barna á aldrinum 3-6 ára. Smábarnalistinn er þroskalisti sem mæður fylla út ef grunur er um frá vik í þroska barna á aldrinum 15-38 mánaða Orðaskil er notað til að finna grunnlínu orðaforða hjá einstökum börnum og í framhaldinu sem leiðarvísir í innlög á orðaforða. EFI 2 til að skima málskilning og máltjáningu einstakra barna
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Til að efla boðskipti, félags- og málþroska barna er m.a. notað Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Lærum saman, Markviss málörvun, Sögugrunnur, Ljáðu mér eyra, efni af vefnum



	fjölbreittkennsla.is, efni af vefnum bornogtonlist.net, Efni af vefnum leikuradbokum.net, fjölbreitt gömul og ný spil ásamt fjölmörgu heimatilbúnu efni. Til að efla hreyfiproska eru m.a. tækifærin í daglegu starfi nýtt vel, áætlanir og efni frá sjúkrahjálfa og iðjuþjálfara. Til að auka félags- og tilfinningaþroska barna er m.a. notað námsefnið Stig af stigi, félagsfærnisögur og fjölbreitt efni frá hegðunarráðgjöfum þjónustumiðstöðvar. Í einstaklingskennslu með einhverfum börnum er VB-Mapp og Behavioral Intervention for Young Children with Autism leiðarvísir í námsefni fyrir börnin.
--	--

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁ TTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/a ðferðir?	Viðmið um árangur
Ljúka inn- leiðingu TRAS	Unnið er að innleiðingu TRAS á öllum deildum leikskólans. Á þremur yngri barna deildum hefur innleiðing gengið vel og hefur það fests í sessi sem skráning á málþroska. Á deildum eldri barna hafa einstaka deildarstjórar notað TRAS en það þarf að festa í sessi sem hluti af skráningu málþroska barna á aldrinum 2ja-5 ára.	Deildarstjórar sem hafa ekki sótt TRAS réttindanámskeið geri það sem fyrst í haustið '21	Deildarstjórar	Hófst sept. '19	Nóv '21	Á deildarstjórafundum í september og októbererfarið yfir hvernig skráning gangi og deildarstjórar hvattir til að sækja námskeið.	Á haustmánuðum 2021 verði TRAS skráning notuð með öllum börnum á aldrinum 2ja til 5 ára
Auka upplýsing aflæði	Markvissari upplýsingagjöf um einstök börn	Miðla upplýsingum um börn með þroskafrávik á milli deilda. Sérkennslustjóri miðli upplýsingu á deildarfundum.	Sérkennslustjóri	Septem- ber '21	Verði hluti af vinnulagi sérkennslustjóra og lýkur í raun aldrei	Metið á deildarstjórafundi ársfjórðungslega hvort upplýsingagjöf sé fullnægjandi	Að allir sem koma að börnum með þroskafrávik fái viðeigandi upplýsingar um börnin í þeim tilgangi að þeir þekki börnin betur og verði öruggari í samskiptum sínum við þau



							sem skili sér í sterkari félagslegri stöðu barnanna
Fræðsla til starfsmanna	Markvissari fræðsla til starfsmanna	Auka fræðslu til starfsmanna um eintök málefni er varða sérkennslu	Sérkennslustjóri	Haut '21	Verði hluti af vinnuagi sérkennslustjóra og lýkur í raun aldrei	Sérkennslustjóri gerir könnun meðal starfsmanna óskir um fræðslu	Að starfsmenn auki við þekkingu sína á börnum með frávík í þroska og geti yfirfært hugmyndir og bjargráð á daglegt starf með börnum

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í starfsmannahald
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Höfum orð á öllu sem við gerum, tölum við og hlustum á börnin
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir, spil, leikur. Á sumum deildum er reynt að hafa litla hópa þar sem lesnar eru sögur við hæfi en erum ekki eingöngu með fjöltyngd börn í þeim hópum heldur blöndum
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Tras fyrir öll börn en höfum í huga að þau eru fjöltyngd. Höfum líka notað Orðaforðalistann frá Menntamálastofnun til hliðsjónar. Sérkennslustjóri (sem hefur umsjón með fjöltyngdum börnum) gefur ráð inn á deildum Áætlanir gerðar fyrir sum börn, þau sem standa illa.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við reynum það en hér og í daglegu starfi og samskiptum eflum við orðaforða og skilning og börnin læra líka af jafningjum. Fullorðnir eru hvattir til að spila með börnunum til að geta lagt inn orð. Við reynum að styðja við börnin svo þau geti tjáð sig. Við megum við gera betur og þá vera með skráningar svo við vitum að við erum að ná yfir allt.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri tók starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn á vorönn. Samtölin voru boðuð með viku fyrirvara og fékk hver starfsmaður undirbúningsblað frá leikskólastjóra.

Símenntun frá síðasta ári

Covid gerði okkur erfitt fyrir því einungis tvisvar yfir skólaári var hægt að sameina kennara Laugasólar á skipulagsdögum.

Eftirfarandi fræðsla var fyrir kennara Laugasólar sl. skólaár:

September 2020 - Félagsfærni barna – fyrirlestur - Vanda Sigurðardóttir

Október 2020 - Viðbragðsáætlun Laugasólar – einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundnu áreiti og ofbeldi. – Kynning stjórnendur í Laugasól

Mars 2021 - Umhverfismennt í Laugasól – fyrirlestur Þóra Þorvaldsdóttir

Júní 2021 - Barnasáttmálinn í leikskólastarfi – fyrirlestur Emilía Rafnsdóttir

Námskeið/ráðstefnur/kynningar

Maí 2021 Menntastefnumót Reykjavíkurborgar, eftirfarandi fyrirlestrar sátu allir starfsmenn Laugasólar

- Draumarnir rætast í flæði – leikurinn (Rauðhóll)
- Kátir krakkar í Ösp – félagsfærni
- Upplýsingatækni í Nóaborg
- Biophilia og LÁN í Kvistaborg „Rassgat það eru allir með þetta“
- Frelsið er yndislegt – lýðræði (Geislabaugur)
- Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag (Fjórir leikskólar ásamt Rannung)

Ýmis námskeið sérkennara/sérkennslustjóra:

- Skráning og þjálfun, - Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik, - Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins – þrír kennarar
- TRAS-skráning á málþroska ungra barna – einn kennari

Fjarnám:

- Fjórir kennarar voru í Meistaránámi í leikskólafræðum þetta skólaár.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við grunnskóla í hverfinu hefur ekki getað verið eðlilegt sl. skólaár vegna Covid. Börnin fóru í sína hefðbundnu vorheimsókn þar sem þeim var boðið að hitta skólustjóra Laugarnesskóla í útiveru á vorönn. Annað samstarf féll niður vegna samkomutakmarkanna. Einnig var farið í sögugerð í samstarfi við 7. bekk Laugalækjarskóla.

Nú tökum við upp þráðinn aftur næsta skólaár og vonandi aukum okkar samstarf. Ekki er búið að funda hvernig því verður háttað en það sem hefð var fyrir að gera er:

Laugalækjarskóli/Laugasól

- Nóvember: Nemendur 5. bekkja heimsækja gamla leikskólann sinn kl. 10:00 og syngja og leika með leikskólabörnunum. Boðið er upp á ávexti í leikskólanum.
- Bókasafnsheimsókn nóv./des.
- Janúar: Nemendur 1. bekkjar heimsækja gamla leikskólann sinn. Boðið er upp á ávexti í leikskólanum.
- Febrúar: Nemendur leikskólans koma í heimsókn til stjórnenda Laugarnesskóla og fara í skoðunarferð um skólann.
- Mars: Börn leikskólans fara seinni hluta vetrar í litlum hópum í Laugarnesskóla. Þau hafa nesti meðferðis og taka þátt í hefðbundnu skólastarfi fyrir hádegi.
- Maí: Útivistardagur - Leikskólabörnin koma í skipulagða dagskrá með nemendum í 1. bekk á skólalóð Laugarnesskóla. Boðið er upp á ávexti í skólanum.
- Maí: Fundur í Laugarnesskóla fyrir verðandi 1. bekinga og foreldra þeirra.

Laugalækjarskóli/Laugasól

- Sögugerð - Samstarf við nemendur í 7. bekk, eldri börnum úr Laugasól boðið í heimsókn með það að markmiði að kynnst þeim og fá hugmyndir þeirra og viðhorf um barnasögur. Börnunum er skipt niður í litla hóp þar sem nemendur spyrja spurninga og spjalla. Viku seinna fara allir nemendur í 7. bekk í nokkrum hópum að heimsækja leikskólann og lesa upp sögurnar sem þau höfðu samið með leikskólabörnunum.

Samstarf við Tónlistarskóla Sigursveins.

- Elstu börnin eru í samstarfi við **Tónlistarskóla Sigursveins**, sem felst meðal annars í heimsókn í tónlistarskólann og árlegu samstarfsverkefni í kringum Barnamenningarhátíðina.

8 Foreldrasamvinna

Í **foreldraráði** Laugasólar eru þrír fulltrúar. Sömu fulltrúar eru búnir að sitja í foreldraráði sl. tvö ár þar sem ekki hefur farið fram formleg kosning vegna samkomutakmarkanna. Foreldraráð fer yfir starfsáætlun ár hvert og kemur að ákvörðun um sumarlokun skólans, einnig geta ýmis önnur mál komið til foreldraráðs. Stjórnendur Laugasólar hafa fundað reglulega með foreldraráði yfir skólaárið og tekið ýmis mál fyrir. Þetta hefur reynst leikskólanum afar vel. Sl. skólaár hefur einungis verið einn fundur en markmiðið er að funda með foreldraráðinu einu sinni á hverri önn.

Í stjórn **foreldrafélagsins** eru starfandi 6 foreldrar. Stjórn foreldrafélagsins ásamt leikskólustjóra funda/eða senda tölvupóst á milli nokkru sinnum á skólaárinu.

Foreldrafélagið skipuleggur uppákomur fyrir börnin og styður við leikskólann vegna kaupa á námsefni og má nefna að foreldrafélagið gaf okkur hljóðfæri og kubba á seinasta skólaári.

Foreldrafundir eru í september/október. Á fundunum er skipulag og starfsemi skólaársins kynnt. Nýjum foreldum er boðið á fund í aðlögunarviku þar sem leikskólinn er kynntur, farið yfir námskrá og starfsemi leikskólans.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári og eftir þörfum á öðrum tímum ársins. Stutt samtal á haustin (10-15 mín.) eftir að aðlögun barns lýkur og seinna samtal í apríl/maí (20-30 mín.). Deildarstjóri og leikskólakennari taka samtöl við foreldra.

Útskriftarviðtöl eru tekin að vori með elstu börnum og foreldum þeirra.

Aðventukaffi er í byrjun desember. Á þeim degi koma foreldrar og borða með okkur morgunverð.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Það verða þrír skipulagsdagar sameiginlegir í Laugarneshverfi næsta skólaárið. Fyrirhugað er svo að leikskólinn Laugasól fari í námsferð í maí 2022 og tökum við því tvo daga þá.

23.08.21	Skipulagsdagur – sameiginlegur í Laugarneshverfi
27.10.2021	Skipulagsdagur – sameiginlegur í Laugarneshverfi
26.11.2021	Skipulagsdagur – skipulagsdagur í Laugasól
21.02.2022	Skipulagsdagur – sameiginlegur í Laugarneshverfi
25.05.2022	Skipulagsdagur – fyrirhuguð námsferð starfsmanna
27.05.2022	skipulagsdagur – fyrirhuguð námsferð starfsmanna



10 Fylgigögn

10.1- Fylgiskjal 1



Skóladagatal
Laugasólar '21-'22.xl

10.1 - Fylgiskjal 2

Umsögn foreldraráðs



umsögn frá
foreldraráði.docx

F. h. leikskólans Laugasólar

Helga Ingvadóttir

1. júlí 2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 2

Starfsáætlun 2021 – 2022

Laugasól

Umsögn foreldraráðs

Það má með sanni segja að skólaárið sem nú er að líða hafi verið frekar óvenjulegt, ekki síður á Laugasól en hjá öðrum menntastofnunum. Starfsfólkinu þar hefur samt sem áður farist það gríðarlega vel úr hendi að halda utan um nemendur sína á þessum fordæmalausum tímum. Starfsemin hefur haldið sér að mestu leyti óbreytt sem skiptir börnin og fjölskyldur þeirra miklu máli þegar samfélagið litast af þeim óróleika og óvissu sem fylgir heimsfaraldri. Auðvitað hafa samkomutakmarkanir haft einhver áhrif á skólastarfið þó að börnin og fjölskyldur þeirra hafi kannski fundið minnst fyrir því. Ekki hefur verið sami samgangur á milli deilda og áður sem þrengir félagslegan hring barnanna auðvitað og einnig faglegt samstarf og samtal milli starfsfólks.

Ofan í heimsfaraldur, með sínum samkomutakmörkunum og hærra streitustigi, var kjallara Laugaborgar loksins lokað vegna raka og myglu en var ítrekað búið að benda á að þar væri ekki allt sem skyldi. Alltof lengi dró borgin lappirnar með að koma upp bráðabirgðaskúrum til að bæta upp fyrir það rými sem tapaðist og má enn og aftur þakka þrautseigu og ráðagóðu starfsfólki fyrir lausnamiðaða og jákvæða vinnu. Deildirnar, Laugaborgar megin, fóru í vettvangsferðir til að létta á húsinu sem höfðu ýmis konar jákvæð áhrif, bæði náms- og félagslega. Skúrarnir komu svo sem betur fer þó seint væri.

Stytting vinnuvikunnar var innleidd í leikskólana á árinu sem hlýtur að hafa þau áhrif að færri starfsfólk er með börnunum en áður þar sem ekkert fjármagn fylgir þessari styttingu frá borginni. Engu að síður hefur þessi innleiðing ekki sýnileg áhrif á börnin en vert er að hafa í huga að það getur gerst þegar fram líða stundir.

Heilt yfir má segja að starfsemin á Laugasól hafi staðist undir björtustu væntingum þrátt fyrir alla þessa álagspætti sem hafa sett svip sinn á skólaárið. Unnið hefur verið markvisst á öllum deildum að



ýmsum markmiðum, t.a.m. markvissri málörvun, auknu sjálfstæði í daglegu lífi, sjálfstyrkingu og eflingu einstaklinganna og svo mætti lengi telja.

Það er von okkar og trú að næsta skólaár verði ekki jafn litað af óvissu og álagsþáttum og það sem nú er að líða undir lok.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Birna Hjaltadóttir

Lína Dögg Ástgeirsdóttir

Andrea Björgvinsdóttir



